

Nd.

365. Nefndarálit

[28. mál]

um frv. til laga um kafarastörf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leitað unisagna Félags íslenskra kafara, öryggismálastjóra og Siglingamálastofnunar ríkisins.

Ljóst er að köfunarstörf eru áhættusöm og krefjast fyllsta öryggiseftirlits. Lagasetning á að tryggja að þeir einir geti stundað köfun í atvinnuskyni, sem staðist hafa kafarapróf og uppfylla önnur skilyrði. Reglur verða þá jafnframt settar um útbúnað tækja, eftirlit og ábyrgð.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með tveim breytingum sem fram koma á öðru þingskjali.

Alþingi, 17. febr. 1976.

Ellert B. Schram,
form., frsm.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Sigurðsson,
fundaskr.

Svava Jakobsdóttir.
Sighv. Björgvinsson.

Páll Pétursson.

Friðjón Þórðarson.